

króna sekt til rikissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 22. nóv. 1935.

Nr. 94/1935. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

**Gunnlaugi Jónssyni og Nikolai Jór-
mundi Þorsteinssyni**

(Sveinbjörn Jónsson).

Áfengislaga og bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. júní 1935: Kærðir, Gunnlaugur Jónsson og Nikolai Jórmyndur Þorsteinsson, greiði hvor um sig 100 króna sekt til rikissjóðs.

Sektirnar greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Kærðir skulu og sviptir leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Kærðir greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, sem fallt verður á, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að hvor hinna kærðu afpláni ídæmda sekt í einföldu fangelsi í 7 daga, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og að svipting ökuleyfa þeirra telzt frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessari niður-

stöðu ber hinum kærðu að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60.00 krónur til hvors.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærðu, Gunnlaugur Jónsson og Nikolai Jór-mundur Þorsteinsson, greiði hvor um sig 100.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektar hvors þeirra, sé hún ekki greidd innan 4. vikna frá birtingu dóms þessa. Svo skulu þeir og sviftir rétti til að stjórna bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa. Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Sveinbjarnar Jónssonar, 60.00 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Gunnlaugi Jónssyni, pakkhúsmanni, til heimilis á Hallveigarstig 2 hér í bæ, og Nikolai Jórmundi Þorsteinssyni, verkstjóra, til heimilis Nönnugötu 7 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða, nr. 70, 1931, og áfengislögum nr. 33, 1935.

Málavextir eru þeir, er hér greinir, samkvæmt eigin játningu kærða og öðru því, sem fram hefir komið í málinu.

Á hvítasunnudag óku kærðir á bifreiðinni R. E. 803 héðan úr bænum og vestur að Gróttu og síðan til baka aftur og nokkuð um bæinn. Óku kærðir báðir bifreiðinni til

skiptis. Áður en þeir fóru af stað, milli kl. 6—7 e. h. neyttu þeir brennivíns, er kærður Gunnlaugur lagði til á $\frac{1}{2}$ flösku, og á Gróttu höfðu þeir lokið úr flöskunni.

Um klukkan 9 $\frac{1}{4}$ um kvöldið var lögreglunni tilkynnt simleiðis, af manni, er ekki sagði til nafns síns, að ölvaðir menn væru að aka nefndri bifreið. Stutttri stund síðar kom lögreglan að þeim, þar sem þeir voru að koma frá akstrinum og láta bifreiðina inn í skúr í Bankastræti 11.

Lögreglan tók málið þegar til rannsóknar og lét taka blóðprufu af kærðum og var þá kl. 10 $\frac{1}{2}$. Blóðrannsókn var síðan framkvæmd af Jóhanni Sæmundssyni lækni, og reyndist kærður Gunnlaugur að hafa 1.5% alkóhóls í blóði sínu, en kærður Nikolai Jórmondur 1‰.

Lögregluþjónarnir Karl Guðmundsson og Jakob Björnsson hafa verið leiddir sem vitni í málinu um ástand kærðu. Telja þeir sig báðir hafa séð vin á kærðu, en Jakob tekur þó fram, að það hafi verið mjög lítið.

Páll læknir Sigurðsson, er blóðprufuna tók af kærðum hefir borið að þá hafi hann séð lítilsháttar vin á þeim báðum, þó tekur hann það fram, að þeir hefðu að sínu áliti verið færir til flestra starfa og líklega kveðst hann ekki mundu hafa veitt því athygli, hefði ekki staðið svo á, að þeir voru grunaðir um vinnautn.

Með eigin játningu kærðu og framangreindum vitnisburðum verður að telja sannað, að kærðir hafi brotið 3. mgr. 5. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33, 1935.

Kærðir hafa svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Gunnlaugur Jónsson:

1917 29. sept. Áminning fyrir lögreglubrot.

1918 26. jan. Uppvís að því að taka að ófrjálstu vörur út úr verzlun á annars manns nafn.

1923 25. febr. Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1928 20. maí. Sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.

1934 22. jan. Sætt 10 króna sekt fyrir of harðan bifreiðaakstur.

Nikolai Jórmondur Þorsteinsson:

1920 6. dez. Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1922 26. ágúst. Sætt 400 króna sekt fyrir bannlagabrot.
 1923 20. ágúst. Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almanna-
 færi.

1923 15. nóv. Kærður fyrir ólöglega áfengissölu og mál-
 ið afgreitt til dómara.

1924 15. nóv. Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almanna-
 færi.

1927 9. sept. Sætt 10 króna sekt fyrir afturljósleysi á
 bifreið.

Refsing þeirra, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin
 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar
 frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu
 fangelsi í 10 daga.

Jafnframt skulu þeir swiftir ökuleyfum sínum í 3 mán-
 uði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Þá greiði þeir og kostnað sakarinnar in solidum.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Föstudaginn 22. nóv. 1935.

Nr. 62/1935. **Bæjargjaldkerinn í Reykjavík**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Þórði Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Útsvarsmál. Ágreiningur um heimilisfang útsvars-
 greiðanda.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 2. maí 1935: Umbeð-
 ið lögtak á ekki að fara fram.

Dómur hæstaréttar.

Árið 1933 lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur
 4600 króna útsvar á stefnda. Með því að stefndi taldi
 sig hafa tekið sér heimilisfang að Kolviðarhóli í
 Ölfushreppi frá 1. jan. 1933, taldi hann sig ekki út-